

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Selhraun suður vegna Norðurhelli 13.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. apríl 2024 breyting á deiliskipulagi Selhrauns suður. Breytingin felur í sér breytingu á skipulagi lóðar, gerður er nýr byggingarreitur fyrir hjólaskýli og sýnd er staðsetning djúpgáma.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 22. apríl 2024.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anna Margrét Tómasdóttir** verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 8. maí 2024